

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 184/1994.

Ásdís Ástþórsdóttir

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl sl., sem barst Hæstarétti ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar hann til 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu uppboðsgerðar og ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um, að nauðungarsalan á fasteigninni Kelduhvammi 7, efri hæð, Hafnarfirði, eign sóknaraðila, fari fram, verði hrundið, jafnframt sem þess er krafist, að hin umdeildu lögtök varnaraðila, dags. 25. september 1990 og 31. október 1991, verði ógilt“. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar í héradi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Mál þetta er risið af þeirri ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 5. nóvember 1993, að fram skuli fara að kröfu varnaraðila nauðungarsala á eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að Kelduhvammi 7 í Hafnarfirði. Til grundvallar nauðungarsölubeiðninni lágu lögtaksgerðir varnaraðila frá 25. september 1990 og 31. október 1991 vegna ógreiddra opinberra gjalda.

Ákvörðun sýslumanns frá 5. nóvember varðaði fyrstu aðgerðir hans við nauðungarsölu fasteignarinnar að Kelduhvammi. Um þær gilda ákvæði IV. kafla nauðungarsölulaga nr. 90/1991, þar á meðal 22. gr. laganna um lögmæti aðgerða og ágreining við nauðungarsölu. Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. var heimild sóknaraðila til að bera ákvörðun sýslumanns undir dómstóla háð samþykki varnaraðila

sem gerðarbeiðanda Ekki liggur fyrir, að þess hafi verið aflað. Héraðsdómara hefði því verið rétt að vísa málinu þegar frá dómi með úrskurði í stað þess að kveðja aðila til munnlegs málflutnings, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991. Svo var eigi að farið. Ber því nú að vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Héraðsdómi Reykjaness.

Sóknaraðili, Ásdís Ástþórsdóttir, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 40.000 krónur í kærumálskostnað.
